

Nd.

46. Frumvarp til laga

um héraðsskjalasöfn.

Flm.: Jón Sigurðsson.

1. gr.

Sýslunefnd og bæjarstjórn í kaupstöðum utan Reykjavíkur er heimilt að koma á fót í sýslunni eða kaupstaðnum héraðsskjalasafni, er varðveiti á sem tryggi-
legastan hátt skjöl og handrit og aðrar ritaðar heimildir, sem snerta sérstaklega
hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélag og ekki ber að afhenda þjóðskjalasafninu, sbr.
þó 3. gr., svo sem skjallæg gögn félaga og stofnana, er styrks njóta af opinberu fé.
Með reglugerð, sem sett verður samkv. 5. gr., má ákveða, að þessum aðilum sé
skýlt að láta slík skjöl af hendi við héraðsskjalasafn. Í héraðsskjalasafni skal
einnig varðveita kirkju- og manntalsbækur þær úr hlutaðeigandi kirkjusóknum,
sem ritaðar eru samkv. l. nr. 3 1945.

Heimilt er sýslunefndum og kaupstöðum að koma á fót sameiginlegu héraðs-
skjalasafni fyrir fleiri en eina sýslu eða kaupstað þar, sem það þykir betur henta
og samkomulag næst um það, og er safnið þá sameign þessara aðila.

2. gr.

Þjóðskjalavörður hefur yfirumsjón með héraðsskjalasöfnum, sem sett eru á
stofn samkv. lögum þessum, enda skal geymslustaður þeirra háður samþykki hans.
Nú telur þjóðskjalavörður, að héraðsskjalasafni sé hætta búin sökum vanhvirðu
eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengizt úr þessu bætt þrátt fyrir endurteknar
áskoranir, og getur hann þá að fengnu samþykki menntamálaráðherra látið flytja
safnið á þjóðskjalasafnið á kostnað þeirra aðila, er að safninu stóðu.

3. gr.

Nú hefur héraðsskjalasafni verið komið á fót samkv. 1. gr. og það fullnægir
skilyrðum 2. gr. um húsnæði, enda telur þjóðskjalavörður að öðru leyti vel borgið
stjórn safnsins og vörzlu skjalanna, og á þá safnstjórnin rétt á að fá til varðveislu
á safninu eftirtalin skjalasöfn úr þeim sýslum og kaupstöðum, sem ákveðið er,
að héraðsskjalasafnið nái til:

1. Skjalasöfn hreppstjóra.
2. — sýslunefnda og bæjarstjórna.
3. — hreppsnefnda.
4. — undirskattanefnda.
5. — sáttanefnda.

Enn fremur skjalasöfn þeirra annarra nefnda, sem annars er skylt að geyma
á þjóðskjalasafninu, ef starfssvið þeirra nær ekki út fyrir þau sýslu- eða bæjar-
félög, sem eru sameigendur héraðsskjalasafnsins á hverjum stað.

4. gr.

Héraðsskjalasöfn njóta árlegs styrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjár-
laga.

5. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um framkvæmd laga þessara,
þar á meðal afhendingu skjala til héraðsskjalasafna, varðveislu þeirra og afnot, og
má ákveða í reglugerð viðurlög fyrir brot á fyrirmælum hennar, en slík brot skulu
sæta meðferð opinberra mála.

Greinargerð.

Með lögum um þjóðskjalasafn Íslands frá 3. nóv. 1915 og reglugerð um sama
frá 13. jan. 1916 er svo fyrir mælt, að skjöl og bækur opinberra sýslana eða stofn-

ana skuli varðveita á þjóðskjalasafninu, er þær eru orðnar eldri en 20 ára. Þetta var á þeim tíma nauðsynleg ráðstöfun, því að aðra tryggja geymslustaði en þjóðskjalasafnið var þá varla um að ræða. Tala opinberra stofnana og skriffinnska þeirra var þá hverfandi samanborið við það, sem nú er orðið, og því auðvelt fyrir starfsmenn þjóðskjalasafnsins að koma því, er að barst, í aðgengilega geymslu á þjóðskjalasafninu. En á þessu eins og fleiru hefur orðið mikil breyting síðastliðin 30 ár.

Útan Reykjavíkur eru að rísa upp góðar bókhlöður, og fleiri munu á eftir koma. Safnahúsið í Reykjavík er því ekki lengur eini öruggi geymslustaðurinn fyrir skjöl og bækur. Jafnframt hefur tala opinberra sýslana og stofnana og skriffinnskan, sem þeim er samfara, aukizt svo gífurlega, að horfur eru á, að hún muni, ef svo mætti segja, sprengja þjóðskjalasafnið utan af sér, þegar því fara að berast öll þau ósköp, sem allar þessar opinberu nefndir og stofnanir láta nú eftir sig á ári hverju. Þá má benda á, að rík ástæða er til að láta ekki dragast lengur að safna og taka til varðveislu fleiri skjöl og bækur en nú er skylt að afhenda þjóðskjalasafninu, svo sem gerðabækur búnaðarféлага, búnaðarsambanda, ungmennaféлага og margra annarra féлага og fyrirtækja, er mjög koma við atvinnusögu okkar og menningarmál.

Ástæðurnar fyrir því, að frv. þetta er fram borið, eru þá í stuttu máli þessar:

1. Að þjóðskjalasafninu berst nú orðið svo mikið frá embættis- og starfsmönnum ríkisins og nefndum, sem skipaðar eru af ríkisstjórninni, að vandkvæði eru á að varðveita það allt saman þannig, að það verði aðgengilegt fyrir þá, er óska að nota þessi skjöl. Það virðist því ekki ástæða til að draga að þjóðskjalasafninu enn þá fleiri flokka skjala og bóka, ef kostur er á góðri geymslu annars staðar.
2. Að á nokkrum stöðum utan Reykjavíkur eru nú þegar bókhlöður, sem hæfar eru til skjalageymslu.
3. Að heppilegra sé og eðlilegra, að ríkið styrki héruð og kaupstaði til að koma upp skjalageymslum og bókhlöðum, en að byggja yfir öll skjöl og bækur í Reykjavík.
4. Að óvarlegt sé af öryggisástæðum að safna öllum skjölum og heimildum á einn stað, ef eldsvoða eða önnur stór óhöpp bæri að höndum, enda mun það ekki gert í nágrannalöndum okkar.
5. Ég tel, að kaupstaðir og héruð eigi sanngirnirétt á að fá sjálf til varðveislu, ef þau óska þess, skjöl og gerðabækur þeirra nefnda og starfsmanna, er þessir aðilar hafa valið og kostað af eigin fé.
6. Ég tel, að forstöðumenn héraðsskjalasafna hafi vegna nágreinis og persónulegs kunnugleika í héraðinu betri aðstöðu en starfsmenn þjóðskjalasafnsins til að safna og taka til varðveislu skjöl og gerðabækur og ritaðar heimildir, sem stórtjón er að glattist, og að sú skipan, sem hér er gert ráð fyrir, sé líkleg til að bjarga mörgu frá eyðileggingu, sem víst er, að glattast annars með öllu.

Í frv. er lagt til, að skipting bóka og skjala milli þjóðskjalasafnsins og héraðsskjalasafna verði á þá leið, að þjóðskjalasafnið taki til vörzlu skjöl og embættisbækur allra starfsmanna ríkisins annarra en hreppstjóra, en afrit af flestum skýrslum þeirra eru í skjalasöfnum sýslumanna, hagstofunnar og ríkisskattaneftnda, og þykir því ekki ástæða til að taka skjöl og bækur hreppstjóra þar með. Enn fremur taki þjóðskjalasafnið við bókum og skjölum opinberra nefnda, ef starfssvið þeirra tekur til margra héraða eða alls landsins.

Gert er ráð fyrir, að héraðsskjalasöfnin verði í sambandi við kaupstaða- og héraðs- eða sýslubókasöfnin og lúti stjórn þeirra og umsjá. Ætti því kostnaðarauki af þessu að verða hverfandi þar, sem húsrúm er fyrir hendi.

Af ástæðum, sem áður eru tilgreindar, tel ég fráleitt með öllu, eins og högum okkar er nú komið, að draga til Reykjavíkur og safna þar saman öllum fánlegum heimildum um athafnir þjóðarinnar hvaðanæva á landinu, ef til eru góðir geymslustaðir þar, sem þessar heimildir eiga raunverulega heima. Það ætti og að vera metnaðarmál öllum kaupstaðar- og héraðsstjórnnum að koma upp svo fljótt sem tók eru á vönduðum bókhlöðum, svo að héruðin verði ekki gerrúin að öllum heimildum, er snerta sögu þeirra.